

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1216 N-Lax ehf. - Laxamýri	Laxamýri 641 Húsavík	Jón Helgi Björnsson Framkvæmdarstjóri			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	24.11.2023	27.11.2023	6,50	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 14 skoðunatriða af 14. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 1 skoðunatriði, þar af 0 Alvarleg frávik og 1 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

#### Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik

Frávik

4.1.2 Dauðfiskur

#### Niðurstaða eftirlits

Regnbogasilungur er blóðgaður út á hlaði, það mál verður sent á Samhæfingu hjá Matvælastofnun. Blóðgun á eldisfiski telst til vinnslu á fiski og til þess þarf tilskilin leyfi. Sannrófa skal alla kafla gæðahandbókinnar amk einu sinni á ári.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is).

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á [Island.is](http://Island.is).

#### Starfsstöð

N-Lax ehf. - Laxamýri  
Laxamýri  
641 Húsavík  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 5510091220

#### Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 2 3  
Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð - 1 2 3

#### Tengiliðir

Jón Helgi Björnsson

8933778

jonhelgib@outlook.com

Framkvæmdarstjóri

## 4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

## 4.1 - Sjókvíaelði

32 - 46.gr. reglugerð nr.540/2020 og 20.gr. reglugerð nr. 300/2018

## 4.1.2 Dauðfiskur

Sett inn: 27.11.2023

Frávik

Dauðfisk er safnað saman í kar. Óheimilt er að nota matvælakar undir ABP (Animal by product). Kar undir ABP skal merkt varanlega og einnig merkt í hvaða CAT flokk innihaldið er ætlað í.

Mynd 1



Mynd 2



## Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi	2.1.2 Framleiðsluskýrsla	4.1.3 Eldisbúnaður
4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi	4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni	4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks
4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk	5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)	5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)
5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)	5.1.5 Innra eftirlit (rekstrarleyfi>20.tonn)	5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)
6.1.1 Mat á úrbótum		

---

Andri Snær Þorsteinsson  
andri@mast.is  
Sérfræðingur  
8448396

### Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

### Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

#### LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikíð það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

#### F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

#### A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

#### Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinna fresta.

#### Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratíði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratíði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratíði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-eftriflygniferill (VRF-022) tekur við.

#### Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratíði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratíði 6.1. Stjórnarsýslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Stjórnarsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnarsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

#### Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis